

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Björgunarsveitin Sæbjörg, kt. 470290-2509, Eyrarodda, Flateyri, gera með sér svohljóðandi samning:

1. gr.

Ísafjarðarbær afsalar Björgunarsveitinni Sæbjörgu eignarhlut sínum í fasteigninni Túngata 7, fnr. 212-6568, á Flateyri, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber.

2. gr.

Björgunarsveitin Sæbjörg tekur að sér að hýsa endurgjaldslaust eina slökkvibifreið og annan búnað, s.s. slöngukerru og eldgalla, sem er í eigu Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, á öruggan hátt, innandyra. Skal hýsingarstaður uppfylla kröfur um viðunandi hýsingu, s.s. varðandi öryggi, hita og umgengni.

Skal hýsingarstaður samþykktur af slökkviliðsstjóra, sem skal jafnframt vera tengiliður Ísafjarðarbæjar við tengilið Björgunarsveitarinnar Sæbjörgu, starfandi formann á hverjum tíma.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar, eða fulltrúar hans, skulu hafa aðgang að hýsingarstað, s.s. með aðgangskóða eða lyklum, í þeim tilgangi að huga að eða nota eignir Ísafjarðarbæjar.

3 gr.

Verði tjón á eignum Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, sem rekja má til ófullnægjandi hýsingar skal Björgunarsveitin Sæbjörg bera kostnað við endurnýjun og/eða viðgerðir þeirra tækja og búnaðar sem urðu fyrir skemmdum.

4. gr.

Gildistími samnings þessa eru 10 ár, þ.e.a.s. frá 2020-2030. Samningurinn er óuppsegjanlegur.

5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.


Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.




F.h. Ísafjarðarbær

Ísafirði, 27. maí 2020




F.h. Björgunarsveitarinnar Sæbjargar

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:



Nafn og kt.



Nafn og kt.

271283-2539